

FUNDARGERÐ

Nefnd: Framkvæmdanefnd

Efni: Afgreiðsla á mati og umræður

Viðstaddir: Margrét Sigurðardóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Steinvör Laufey Jónsdóttir, Bjarni Bjarnason, Auður Lilja Erlingsdóttir, Linda Björk Halldórsdóttir, Arna Jakobína Björnsdóttir (í síma), Árni Egilsson (í síma), Anna Lilja Magnúsdóttir, Signý Jóhannesdóttir, Níels Sigurður Olgeirsson (MATVÍS).

Fundardagur: 9.1.2017

Tími: 10:00 – 12:00

Fundarstaður: Virkisbúð, Borgartúni 30

Dagskrá:

I Störf til afgreiðslu (endurmat)

6000-102 Yfirmatreiðslumaður (Akureyri) – MATVÍS

-Frestun á afgreiðslu

-Gerð er athugasemd við matið á þeirri forsendu að starfsmaður sjái um fullvinnslu hráefnis

6000-103/106 Matreiðslumaður (Akureyri) – MATVÍS

-Frestun á afgreiðslu

Störfin eru ekki samþykkt þar sem allir fulltrúar þurfa að skrifa undir samþykkt mat.

Bókun: Fulltrúi MATVÍS er ósáttur við afgreiðslu starfsins og skrifar ekki undir tillögu að mati.

Frestun á afgreiðslu á eftirfarandi störfum – beðið er eftir frekari gögnum frá sveitarfélagi

6000-137 List og handverksleiðbeinandi (Víðilundur) – nýtt mat (Kjölur)

6000-74 List og handverksleiðbeinandi með hússtjórn – endurmat (Kjölur)

6000-113 Umsjón með Punktinum – nýtt mat (Kjölur)

6000-7 Forstöðumaður tómstundamiðstöðvar – endurmat (Kjölur)

II Önnur mál

Umræða um bráðabirgðaraðanir og fyrirkomulagið í kringum það og aðkoma stéttarféлага að bráðabirgðaröðunum nýrra starfa.

Rætt um fyrirkomulag á starfsmatsviðtölum sem liggur fyrir að verða tekin á næstunni

-viðtöl vegna BHM starfa sem innleiða á í starfsmat og viðtöl vegna starfa sem hafa beðið eftir mati.

-dagskrá viðtala mun liggja fyrir í næstu viku

Rætt um Áfrýjunarnefnd og hver staðan sé varðandi stofnun hennar. Vinna við hana verður tekin í stóru nefndinni (Fagleg samráðsnefnd) og nefndin mönnuð.

III Kynningarfundir á starfsmatinu

-Fundir verða haldnir á sjö stöðum á landinu og að auki einn netfundur í lokin.

-BHM sendir ekki fulltrúa á þessa fundi en trúnaðarmenn munu þess í stað sitja fundina fyrir hönd BHM.

-Fyrirhugaðir staðir þar sem fundir verða haldnir eru: Akureyri, Sauðárkrókur, Fjarðarbyggð, Árborg, Reykjanesbær, Borgarbyggð og Kópavogur (Höfuðborgarsvæðið).

Fundi slitið kl.12:00